

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara

Stöðuskýrsla við lok árs 2014

INNGANGUR

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var stofnað með skipunarbréfi mennta- og menningarmálaráðherra 27. febr. 2013. Ráðið er samstarfsvettvangur ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og þriggja háskóla sem mennta kennara; Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Skipun ráðsins byggir á samstarfssamningi fyrrnefndra aðila frá 30. júní 2011 og tillögum í lokaskýrslu Samstarfsnefndar um símenntun kennara frá 15. okt. 2012.

Fagráðið skipa alls 19 fulltrúar, þrjú fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu auk formanns sem er skipaður án tilnefningar, fjórir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjórir frá skólastjórnendum, fjórir frá kennurum og þrjú frá háskólunum þremur sem standa að kennaramenntun. Sex manna hópur stýrir fagráðinu.

Markmið fagráðsins er að vinna að stefnumörkun á sviði símenntunar og starfsþróunar kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Fagráðið er skipað til þriggja ára og staðan verður metin að þeim tíma liðnum og framhald ákveðið. Fagráðið fundar nokkrum sinnum á ári og skilar ráðherra árlega skýrslu um starf sitt.

Hlutverk fagráðs

Fagráðið er formlegur samstarfsvettvangur ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, kennarasambandsins og háskóla sem mennta kennara, til að ræða sjónarmið og álitamál varðandi símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og tónlistarskólum.

Í stofnsamningi segir:

Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu varðandi símenntun og starfsþróun kennara.

Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í starfsþróun kennarastéttarinnar.

Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um símenntun og starfsþróun og setur fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum.

Ráðið leitar upplýsinga um helstu strauða og stefnur varðandi þessi mál sem víðast og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.

Fagråd aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun og starfsþróun kennara á upplýsingaveitu.

Á vegum fagráðs geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Haldnir hafa verið þrjár fundir fagráðs á árinu 2014 og tólf fundir stýrihóps. Fundargerðir og minnisþingar frá þessum fundum er að finna á www.starfsthrounkennara.is

Starfsmaður

Starfsmaður fagráðsins í 50% starfi er Sólrún Harðardóttir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar þá stöðu. Starfsmaðurinn hefur vinnuáðstöðu í húsnæði Námsmatsstofnunar.

Fjármögnun

Mikilvægt er að gerð verði fjárhagsáætlun fyrir rekstur og verkefni fagráðsins síðasta starfsárið; til loka febrúar 2016. Verkefni fagráðsins er ekki á sérstökum fjárlagalið en miðað er við að mennta- og menningarmálaráðherra tryggi fjárframlag til að standa straum af kostnaði við verkefni fagráðsins og vegna vinnu starfsmanns. Þá er einnig gert ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið greiði kostnað við rekstur upplýsingaveitu um símenntun og starfsþróun kennara (sjá: <http://starfsthrounkennara.is/upplýsingaveita-2/>). Unnið er að fjárhagsáætlun fyrir 2015-16 á grundvelli starfsáætlunar sem er í lokadrögum og fylgir þessari stöðuskýrslu.

VERKEFNIN

Hér er sagt frá afmörkuðum verkefnum, sem öll eru liður í að geta betur sinnt stefnumótun eða uppfylla hlutverk fagráðs. Verkefni þessi eru mislangt á veg komin en sagt er frá hver staðan er og hvað sé framundan. Í starfsáætlun eru sett niður þau verkefni sem framundan eru og hugmyndir um hvenær þau séu unnin.

Vefir

Vef fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, starfsthrounkennara.is, er ætlað að veita upplýsingar um starf fagráðsins ásamt því að miðla áhugaverðu efni sem tengist starfsþróun kennara. Dæmi um efni:

- upplýsingar um fagráðið (hlutverk, forsaga, fulltrúar)
- skýrslur, fundargerðir og minnispunktar
- frásagnir og upptökur frá ráðstefnum eða fræðslufundum
- sjóðir sem styrkja við starfsþróun kennara
- vísanir á námsritgerðir, blogg færslur, viðtöl, blaðagreinar, fyrirlestra og fræðigreinar
- tilkynningar um viðburði á vegum fagráðs eða annarra sem tengjast starfsþróun kennara
- vinnugögn fagráðs á lokuðu svæði.

Uppsetning var upphaflega í höndum Eddu Kjartansdóttur, forstöðumanns starfsþróunar á Menntavísindastofnun HÍ, en er nú í umsjón starfsmanns.

Vefurinn er virkur og í stöðugri þróun.

Nátengd vefnum er upplýsingaveita en þar er miðlað framboði á símenntun og starfsþróun kennara. Um er að ræða gagnagrunn og geta þeir sem hafa til þess leyfi sett þar inn efni. Upplýsingaveitan er á þeim stað þróunar að hægt er að ýta henni af stað. Nokkur tæknileg atriði þarf að laga og koma þarf upp skýrum viðmiðunum um hvað fær inni á upplýsingaveitunni. Undirbúa þarf formlega opnun upplýsingaveitunnar og kynna hana fyrir væntanlegum notendum.

Hverjir bjóða símenntunarnámskeið eða styðja við starfsþróun?

Þegar fagráð gerir sér mynd af því hvernig símenntunarmálum er háttað er mikilvægt að fyrir liggi upplýsingar.

Fagráð mun leitast við að kortleggja þetta og er eðlilegt að það sé gert í samhengi við upplýsingaveituna.

Sjóðakerfi

Skýrsla var unnin að beiðni fagráðs þar sem gerð var grein fyrir sjóðaumhverfi í símenntun og starfsþróun kennara. Sigrún Vésteinsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri vann skýrsluna.

Vinnuhópur innan fagráðs lagði til nokkrar lagfæringar á drögum að skýrslunni. Skýrslan verður væntanlega tilbúin til birtingar í janúar. Listi var unninn út frá skýrslunni yfir sjóði og komið fyrir á vef fagráðsins.

Vinnuhópurinn mun skila greinargerð til fagráðsins þar sem greint verður hvernig skýrslan getur nýst fagráðinu í starfi sínu. Þar verða jafnframt settar fram spurningar sem fagráð þarf að takast á við í tengslum við skýrsluna. Vinnuhópur og fagráð þurfa að velta fyrir sér hvort afla þyrfti frekari gagna um sjóði og fjármagn í símenntun og starfsþróun kennara.

Vinna með hugmyndir og hugtök

Hugtök þurfa að vera skýr til að tryggja sameiginlegan skilning í störfum fagráðsins.

Starfsþróun

Unnið var að skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun en hugtakið þarf þó að vera í stöðugri endurskoðun. Fagráð kom sér niður á eftirfarandi skilgreiningu:

Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Form símenntunar og starfsþróunar

Í skilgreiningunni, hér að framan, er útlistað á hvaða formi símenntun og starfsþróun getur verið. Eflaust má bæta við þessi atriði.

Æskilegt er að efna til umræðu í fagráðinu um ólíka tilhögun starfsþróunar og símenntunar. Í þessu samhengi þarf að huga sérstaklega að möguleikum sem ný upplýsingatækni veitir í þessu samhengi.

Þörf fyrir símenntun og starfsþróun

Fagráðið vill reyna að greina þarfir fyrir símenntun og starfsþróun út frá kennurum, skólum og hópum. Sérstaklega þarf að skoða og ræða mismunandi menningu og aðferðir varðandi símenntun og starfsþjálfun eftir skólastigum.

Greiningin er skammt á veg komin en meðal þess sem liggur fyrir og gæti orðið fóður í þessa greiningu er: TALIS, niðurstöður úr ytra mati skóla, Málþing á Akureyri í apríl 2014, fræðslufundur fagráðs (20/11), könnun sem gerð var á vegum MVS, óformlegar samræður við kennara, bakland fulltrúa í fagráði og fleira.

Fyrir liggur að vinna úr þessu efni og mögulega öðru og gera það aðgengilegt fyrir fagráðið. Jafnframt hefur verið rætt að stofna rýnihópa til þess að gera sér betur grein fyrir niðurstöðum TALIS og almennt að fá gleggri sýn á þarfir fyrir símenntun og starfsþróun, einkum á leikskólastigi og yngra stigi grunnskóla. Eðlilegt er að stofna vinnuhóp á vegum fagráðsins um þessi mál.

Hugsanlega þarf að kaupa sérfræðivinnu af háskólunum til að greina ástandið (varðandi innihald, viðhorf, form, tíma til starfsþróunar o.s.frv.), hvernig er það og hvernig má gera það betra? Fagráðið myndi síðan vinna úr niðurstöðum, leita álits og gera tillögur.

Tilhögun starfsþróunar í öðrum löndum

Ákveðnir fulltrúar fagráðsins hafa góða þekkingu á fyrirkomulagi starfsþróunar í öðrum löndum.

Mikilvægt er að afla frekari upplýsinga um þetta og gera þær aðgengilegar þannig að fagráðið geti rætt um þær og tekið afstöðu til þeirra. Víða má leita fanga s.s. í gegnum ráðstefnuefni, greinar, bækur, vefefni og hjá menntastofnunum. Við getum lært af því sem gert er í öðrum löndum.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur mismunandi aðila varðandi símenntun og starfsþróun

Skilgreina þarf betur hlutverk, ábyrgð og skyldur mismunandi aðila varðandi símenntun og starfsþróun kennara. Aðilar eru: kennarar, skólastjórnendur, sveitarfélög, ráðuneyti, háskólar (sbr. samsetningu fagráðs). Drög að lista eru fram komin og ræddar hafa verið leiðir til að fylgja eftir. Þetta verk verði unnið af stýrihópi og á ábyrgð hans en til að byrja með þurfa hagsmunaaðilarnir sjálfir að ræða og skilgreina sína aðkomu.

Ráðstefnur, málþing, opnir fundir

Með ráðstefnum, málþingum og fundum er stuðlað að umræðu og aukinni þekkingu. Hér er vísað til atburða sem fagráð stendur að eða skipuleggur, atburða sem fagráð stendur að ásamt samtökum eða stofnunum og jafnframt atburða sem fulltrúar fagráðs taka þátt í.

Fagráð skipulagði ráðstefnuna *Future Teachers – A Profession at crossroads* í ágúst, en Norræna ráðherranefndin stóð að henni. Jafnframt hélt fagráðið fræðslufund fyrir tilstilli Kennarasambands Íslands í nóvember sl. Fagráðið var í samstarfi við miðstöð skólaþróunar HA um ráðstefnu um starfsþróun kennara sem haldin var á Akureyri í apríl sl. Námsmatsstofnun hélt fund í Hannesarholti sem haldinn var í samráði við fagráðið.

Efni sem tengist ráðstefnum á vegum fagráðs er birt á starfsthrounkennara.is

Vinnuhópur hefur með höndum úrvinnslu ráðstefnunnar *Future Teachers* og mun hann skila af sér greinargerð til fagráðs í febrúar.

Ráðgert er að halda einhverja opna fundi um verkefni fagráðsins á árinu 2015.

Nýliðar í kennarastarfi og skólastjórnun

Margt bendir til að mjög mikilvægt sé að styðja við nýliða í kennarastarfi og skólastjórnun. Sömuleiðis þyrfti að leggja meiri áherslu á æfingakennslu eða jafnvel kandidatestær meðal ungra kennara. Í mörgum löndum hefur verið unnið skipulega á þessu sviði.

Til að fagráð geti tekið afstöðu í þessu þarf að kanna hvernig málum er háttað og móta hugmyndir um hvernig vinna megi að skipulagðri leiðsögn þessara hópa.

Starfendarannsóknir

Starfendarannsóknir og starfsþróun eru nátengd og því vill fagráðið fjalla nánar um þær. Verkefnið sem blasa við eru að afla upplýsinga um starfendarannsóknir í íslenskum skólum og taka saman hvernig hlutirnir ganga. Jafnframt þarf að ræða í fagráði hvernig starfendarannsóknir verði styrktar, álíti fagráð það eftirsóknarvert.

Lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur

Æskilegt væri að lista upp hvernig símenntun og starfsþróun kennara kemur fram í lögum, reglugerðum og í kjarasamningum til að fulltrúar fagráðs og aðrir sem fást við málefnið séu meðvitaðir um á hvaða grunni núverandi kerfi hvílir. Grunnur að slíkri samantekt er að finna í skýrslunni yfir sjóði.

STEFNUMÓTUN

Fagráðið var skipað til þriggja ára og lýkur því starfstíma þess í febrúar 2016. Lokamarkmið hjá fagráðinu er að setja fram tillögur að stefnu um símenntun og starfsþróun kennara. Það þarf ekki að þýða að einungis komi út ein lokaskýrsla heldur verði tillögum og hugmyndum komið út í samfélagið í nokkrum áföngum. Ef vel er á málum haldið er það vænlegra fyrir framgang hugmyndanna og raunverulegs árangurs. Áfangaskipt tillögugerð getur líka þýtt aukna umræðu, endurgjöf og endurskoðun á vissum atriðum. Þegar liggja fyrir gögn sem mynda eins konar beinagrind greinargerðar sem fylgt gæti tillögum fagráðsins. Ákveðnir kaflar geta vel staðið sjálfstæðir. Sömuleiðis liggja fyrir drög að starfsáætlun sem endurspeglar verkefnið sem hér hafa verið listuð og tímasetningu þeirra.

Framundan er lokastarfstímabil fagráðsins. Til að vel takist til um niðurstöður fagráðsins er mikilvægt að vinna skipulega næstu mánuði, þar sem hugmyndum og tillögum verður miðlað milli fagráðsins, stýrihópsins, vinnuhópa og baklandsins í kennarasamfélaginu, háskólunum, sveitarfélögum og ráðuneytinu. Slíkt skýrir ekki bara og bætir hugmyndirnar heldur auðveldar framkvæmd þeirra í skólakerfinu.

Janúar 2015

SM - SH